

# Nauðungarvistun á grundvelli lögræðislaga

Íðnó, 29. mars 2012

Guðmundur Örvar Bergþórsson,  
lögfræðingur í innanríkisráðuneytinu



# Almennt

- Um nauðungarvistanir er fjallað í III. kafla lögræðisлага nr. 71/1997.
- Grundvallarregla að sjálfráða einstaklingar taka ákvarðanir um eigin málefni
  - Lögræðislögin byggja á því viðhorfi að einstaklingur verði ekki vistaður í sjúkrahúsi gegn eigin vilja eða þvingaður til að þiggja læknismeðferð
  - Nauðungarvistun er undantekning þar á – neyðarúrræði



# Hvað er nauðungarvistun

- Markmið nauðungarvistunar er að tryggja að hægt sé að koma við nauðsynlegri læknishjálpi samhliða því að staðið sé vörð um réttaröryggi og mannréttindi hins nauðungarvistaða
- Nauðungarvistun – tvíþætt ferli
  - Ákvörðun læknis um vistun í allt að 2 sólarhringa – þarfnast ekki samþykkis ráðuneytisins
  - Með samþykki ráðuneytisins má vista sjálfráða einstakling í allt að 21 sólarhring
  - Nauðungarvistun er því ferli sem getur varað í allt að 23 sólarhringa



# Beiðni um nauðungarvistun

- Að beiðni geta staðið:
  - Nánir aðstandendur
    - Maki, foreldrar, börn eða systkini
  - Lögráðamaður eða ráðsmaður
  - Félagsmálayfirvöld
- Beiðni skal fylgja læknisvottorð þar sem m.a. fram kemur:
  - Lýsing á andlegu og líkamlegu ástandi einstaklingsins
  - Sjúkdómsgreining ef hún liggur fyrir
  - Afstaða einstaklings til vistunar
  - Yfirlýsing læknis um að vistun sé **óhjákvæmileg**



# Skilyrði nauðungarvistunar

- Nauðungarvistun getur aðeins átt við ef:
  - einstaklingur er haldinn alvarlegum geðsjúkdómi
  - verulegar líkur eru taldar á að einstaklingur sé haldinn alvarlegum geðsjúkdómi
  - ástandi einstaklings má jafna til alvarlegs geðsjúkdóms
  - einstaklingur á við alvarlega áfengis- eða vímuefnafíkn að stríða
- Læknisfræðilegt mat hvaða viðmið eiga við



# Hlutverk og skyldur ráðuneytisins

- Yfirferð á beiðni um nauðungarvistun og læknisvottorði
- Tryggja að ákvörðun um nauðungarvistun sé lögmæt.
- Afgreiðsla innan 48 klukkustunda frá því að einstaklingur er lagður inn skv. ákvörðun læknis
- Afla frekari gagna ef þörf er á
- Skrifleg og rökstudd ákvörðun



# Réttindi hins nauðungarvistaða

- Réttur til upplýsinga um:
  - ástæður vistunar
  - aðstoð og stuðning sérstaks ráðgjafa
  - niðurstöðu ráðuneytisins
  - rétt til að bera ákvörðun um nauðungarvistun undir dómstóla
- Réttur til aðstoðar
  - Hinn nauðungarvistaði á rétt á viðtali við óháðan ráðgjafa, sem starfar á vegum ráðuneytisins
  - Ráðgjafinn
    - er hlutlaus aðili sem gætir réttinda sjúklingsins
    - er skyldugur til að aðstoða sjúklinginn við að bera undir dómstóla ákvörðun um nauðungarvistun/þvingaða meðferð
- Réttur sjúklings til að bera undir dómstóla ákvörðun um nauðungarvistun/þvingaða meðferð er undantekningarlaus



# Lok nauðungarvistunar

- Nauðungarvistun með samþykki ráðuneytisins má ekki standa lengur en 21 sólarhring
- Yfirlæknir metur hvort vistun standi í 21 sólarhring eða skemur
- Vistunin má ekki standa lengur en þörf er á að mati yfirlæknis
- Óheimilt er að framlengja nauðungarvistun
  - Undantekning:
    - Ef fyrir dómi liggur beiðni um sjálfræðissviptingu sjúklingsins er yfirlækni heimilt að taka ákvörðun um að framlengja nauðungarvistun

